

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005-2025, Suðvesturlínur, Hafnarfirði.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 21. janúar 2013 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005-2025 frá 18. maí 2007.

Breytingin felst í eftirfarandi:

Nýju iðnaðarsvæði af ótilgreindri stærð undir nýtt tengivirki í Hrauntungum.

Iðnaðarsvæði undir Hamranestengivirki er fært og vægi þess minnkað og allar loftlínur að því lagðar af.

Nýjum 400 kV loftlínunum Sandskeiðslínu 1 og Búrfellslínu 3 frá Sandskeiði að Hrauntungu-tengivirki.

Nýjum jarðstrengjum 132 kV Suðurnesjalínu 2 og Hrauntungulínu 1 frá Hrauntungu-tengivirki í Hamranestengivirki.

Heiti Búrfellslínu 3b er breytt í Kolviðarhólslínu 2, mannvirkinu og legu línunnar er breytt og liggur hún frá Stórhöfða samhliða Suðurnesjalínu 2 frá Hrauntungutengivirki að Njarðvíkurheiði.

Hamraneslínunum 1 og 2 - jarðstrengir - er breytt í loftlínur til bráðabirgða til 2017 en það er núverandi ástand línanna.

Niðurfellingu Suðurnesjalínu 1 - jarðstreng að hluta og loftlínu að hluta - frá tengivirki við Hamranes að Sveitarfélaginu Vogum.

Nýrri 220 kV loftlínu - Suðurnesjalínu 2 - sem liggur samhliða Kolviðarhólslínu 2 frá Hrauntungutengivirki að Sveitarfélaginu Vogum og tengist Suðurnesjalínu 1 innan þess sveitarfélags.

Niðurfellingu ÍSAL-lína 1 og 2 - jarðstrengja- en núverandi ástand er loftlínur.

Nýjum loftlínunum 220 kV í stað Hamraneslína 1 og 2 og breytast þær síðar að hluta í loftlínur ÍSAL-línur 3 og 4 en verða felldar niður að öðru leyti.

18,4 ha opnu svæði til sérstakra nota við Hvaleyrarvatn er breytt í óbyggt svæði með afmörkun náttúruvættisins Kaldárhrauns og Gjánni.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun gert tillögu til ráðherra um staðfestingu.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 21. janúar 2013.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Íris Bjargmundsdóttir.